

Austurbrú ses.
Ársreikningur 2023

Austurbrú ses.
Tjarnarbraut 39e
700 Egilsstaðir

Kt. 640512-0160

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Austurbrú sjálfseignarstofnun (ses) er stofnuð á grunni þekkingarnets Austurlands, Þróunarfélags Austurlands, Markaðsstofu Austurlands og Menningarráðs Austurlands. Stofnfundur stofnunarinnar var þann 8. maí 2012 og tók Austurbrú ses., þann 1. júní 2012 yfir starfsemi, eignir og skuldbindingar þessara stofnana og féлага og daglegan rekstur Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA).

Tilgangur Austurbrúar ses. er að vinna að hagsmunamálum íbúa, sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja á Austurlandi og veita samræmda og þverfaglega þjónustu tengda atvinnulífi, menntun og menningu. Austurbrú ses. er í forsvari fyrir þróun atvinnulífs, samfélags, stjórnsýslu háskólanáms, símenntunar, rannsókna, þekkingar- og menningarstarfs á Austurlandi.

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga.

Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur stofnunarinnar 583 millj. kr. á árinu. Rekstrarniðurstaða var jákvæð um 25 millj. kr á árinu. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir stofnunarinnar 293 millj. kr. og eigið fé í árslok var jákvætt sem nam 110 millj. kr. Skuldir og skuldbindingar nema 183 millj. kr. og þar af nema skammtímaskuldir 183 millj. kr.

Í ársreikningnum eru upplýsingar um mat á helstu eignum stofnunarinnar og er vísað til ársreikningsins um ráðstöfun rekstrarniðurstöðu og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Stofnfé Austurbrúar ses. er 1,6 millj. kr. og skiptist upphaflega á þrjátíu og tvo stofnendur sem hver um sig lagði fram 50 þús. kr. stofnframlag. Frá stofnun hefur stofnaðilum fækkað með sameiningum þeirra og erum í árslok þrjátíu talsins.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum. Engin sérréttindi í stofnuninni tilheyra stofnendum hennar.

Stjórn og framkvæmdastjóri Austurbrúar ses. hafa í dag rætt ársreikning stofnunarinnar fyrir árið 2023 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og framkvæmdastjóri leggja til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Austurlandi, / 2024

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og eigenda Austurbrúar ses.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Austurbrúar ses. („félagið“) fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2023 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Austurlandi, / 2024

KPMG ehf.

Rekstrarreikningur árið 2023

	Skýr.	2023	2022
Rekstrartekjur			
Framlög	9	198.997.198	185.951.147
Aðrar tekjur	10	383.825.621	418.554.664
		<u>582.822.819</u>	<u>604.505.811</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	11	333.399.019	335.089.753
Annar rekstrarkostnaður		227.800.815	261.977.484
Afskriftir	12	3.459.916	3.771.076
		<u>564.659.750</u>	<u>600.838.313</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		18.163.069	3.667.498
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur		8.850.541	2.597.091
Vaxtagjöld		(1.963.297)	(591.620)
		<u>6.887.244</u>	<u>2.005.471</u>
Rekstrarniðurstaða ársins	15	<u>25.050.313</u>	<u>5.672.969</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

	Skýr.	2023	2022
Eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	12	8.477.475	7.865.792
Stofnframlög og eignarhlutir í félögum	13	1.705.000	1.040.000
	Fastafjármunir	<u>10.182.475</u>	<u>8.905.792</u>
Viðskiptakröfur	14	41.818.736	26.080.998
Aðrar skammtímakröfur		10.455.666	12.211.428
Handbært fé	7	230.313.779	207.228.480
	Veltufjármunir	<u>282.588.181</u>	<u>245.520.906</u>
	Eignir samtals	<u>292.770.656</u>	<u>254.426.698</u>
Eigið fé			
Stofnfé		1.600.000	1.600.000
Óráðstafað eigið fé		108.152.875	83.102.562
	Eigið fé 15	<u>109.752.875</u>	<u>84.702.562</u>
Skuldir			
Viðskiptaskuldir		45.273.890	38.884.625
Fyrirframinnheimtar tekjur	8	99.273.199	80.694.878
Aðrar skammtímaskuldir		38.470.692	50.144.633
	Skammtímaskuldir	<u>183.017.781</u>	<u>169.724.136</u>
	Skuldir samtals	<u>183.017.781</u>	<u>169.724.136</u>
	Eigið fé og skuldir samtals	<u>292.770.656</u>	<u>254.426.698</u>

Sjóðstreymisýfirlit árið 2023

	Skýr.	2023	2022
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarniðurstaða ársins	15	25.050.313	5.672.969
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Sölutap varanlegra rekstrarfjármuna		107.000	0
Afskriftir	12	3.459.916	3.771.076
Vaxtasamningur, breyting		0	(3.903.095)
		<u>28.617.229</u>	<u>5.540.950</u>
		Veltufé frá rekstri	
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, hækkun		(13.981.976)	(9.741.084)
Skammtímaskuldir, hækkun		13.293.645	46.894.946
		<u>(688.331)</u>	<u>37.153.862</u>
		Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda	
		<u>27.928.898</u>	<u>42.694.812</u>
		Handbært fé frá rekstri	
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	12	(4.203.599)	(1.276.170)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		25.000	0
Fjárfesting í eignarhlutum í öðrum félögum		(665.000)	(700.000)
		<u>(4.843.599)</u>	<u>(1.976.170)</u>
		Fjárfestingarhreyfingar	
Hækkun á handbæru fé		23.085.299	40.718.642
Handbært fé í ársbyrjun		<u>207.228.480</u>	<u>166.509.838</u>
Handbært fé í árslok		<u><u>230.313.779</u></u>	<u><u>207.228.480</u></u>

Skýringar

1. Stofnunin

Austurbrú er sjálfseignarstofnun (ses) sem stofnuð á grunni þekkingarnets Austurlands, Þróunarfélags Austurlands, Markaðsstofu Austurlands og Menningarráðs Austurlands.

Stofnunin starfar á grundvelli skipulagsskrár sem samþykkt var á stofnfundi þann 8. maí 2012 og ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum. Engin sérréttindi í stofnuninni tilheyra stofnendum hennar.

Reikningsskilaaðferðir

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

3. Innlausn tekna

Tekjur af framlögum eru færðar í rekstrarreikning í samræmi við samninga stofnunarinnar við ríki, sveitarfélög og aðra aðila. Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning í hlutfalli við stöðu á uppgjörstegi.

4. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisryrnun. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Bifreiðar	3 - 5 ár
Skrifstofubúnaður	3 ár

5. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Stofnframlög og eignarhlutir í félögum eru færðir á kostnaðarverði, að frádreginni virðisryrnun, ef við á.

6. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapsáhættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

7. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum.

8. Fyrirframinnheimtar tekjur

Fyrirframinnheimtar tekjur vegna samningsbundinna verkefna námu 99,3 millj. kr. í árslok 2023 og er sú fjárhæð færð meðal skammtímaskulda.

9. Framlög

Framlög greinast þannig:	2023	2022
Framlög frá Ríkissjóði Íslands til menntamála	113.628.000	96.546.000
- Grunnframlag	64.000.000	64.200.000
- Viðbótarframlag	46.400.000	30.000.000
- Sérstök úthlutun til háskólamála	3.228.000	2.346.000
Framlög frá Byggðastofnun	29.564.637	27.210.104
Framlög frá Ferðamálastofu	22.000.000	22.000.000
Framlög frá sveitarfélögum	33.804.561	40.195.043
Framlög samtals	<u>198.997.198</u>	<u>185.951.147</u>

Skýringar

10. Aðrar tekjur

Aðrar tekjur greinast þannig:	2023	2022
Tekjur vegna háskóla og rannsókna	24.693.711	47.595.349
Tekjur vegna símenntunar	88.356.000	75.605.794
Tekjur vegna atvinnuþróunar og markaðsmála	126.458.734	177.144.085
Tekjur vegna sóknaráætlunar og sjóða	55.000.000	43.708.387
Tekjur vegna umsýslu SSA og SV-Aust	52.130.350	53.942.801
Aðrar tekjur	37.186.826	20.558.248
Aðrar tekjur samtals	383.825.621	418.554.664

11. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2023	2022
Laun	275.415.887	266.481.471
Mótframlag í lífeyrissjóð	36.757.030	35.056.505
Önnur launatengd gjöld	27.578.862	26.454.380
Áfallið orlof, breyting	(12.087.234)	1.722.651
Annar starfsmannakostnaður	5.734.474	5.374.746
Laun og launatengd gjöld samtals	333.399.019	335.089.753
Fjöldi starfsmanna í árslok	23,0	26,0
Fjöldi stöðugilda í árslok	21,7	24,5
Ársverk	23,2	25,8
Laun og launatengd gjöld framkvæmdastjóra og stjórnar	30.824.602	30.877.370

12. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir félagsins greinast þannig:

	Bifreiðar	Skrifstofu- búnaður	Samtals
Heildarverð 1.1.2022.....	11.420.000	9.880.214	21.300.214
Viðbót á árinu	0	1.276.170	1.276.170
Selt og niðurlagt á árinu	0	(2.744.583)	(2.744.583)
Heildarverð 31.12.2022.....	11.420.000	8.411.801	19.831.801
Viðbót á árinu	2.750.000	1.453.599	4.203.599
Selt á árinu	(1.320.000)	0	(1.320.000)
Heildarverð 31.12.2023.....	12.850.000	9.865.400	22.715.400
Afskrifað samtals 1.1.2022.....	5.110.950	5.828.566	10.939.516
Afskriftir færðar út við niðurfærslu	0	(2.744.583)	(2.744.583)
Afskriftir ársins	1.606.590	2.164.487	3.771.077
Afskrifað samtals 31.12.2022.....	6.717.540	5.248.470	11.966.010
Afskriftir færðar út við niðurfærslu	(1.188.000)	0	(1.188.000)
Afskriftir ársins	1.894.014	1.565.902	3.459.916
Afskrifað samtals 31.12.2023.....	7.423.554	6.814.372	14.237.926
Bókfært verð 31.12.2022.....	4.702.460	3.163.331	7.865.792
Bókfært verð 31.12.2023.....	5.426.446	3.051.028	8.477.475
Afskriftahlutföll	20%-33%	33%	

Skýringar

13. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Stofnframlög og eignarhlutir í félögum greinast þannig:

	2023	
	Nafnverð	Bókfært verð
Þekkingarsetur, stofnframlag	200.000	200.000
Gunnarsstofnun, stofnframlag	140.000	140.000
Papeyjarferðir, eignarhlutur	500.000	500.000
Kornfélagið, eignarhlutur	200.000	200.000
ÞróA ehf., eignarhlutur	500.000	665.000
Starfsendurhæfing Austurlands	0	100.000
Niðurfærsla eignahluta	0	(100.000)
	<u>1.540.000</u>	<u>1.705.000</u>

14. Niðurfærsla viðskiptakrafna

Niðurfærsla viðskiptakrafna greinist þannig:

	2023	2022
Niðurfærsla í ársbyrjun	3.665.407	2.723.045
Gjaldfærð niðurfærsla á árinu	<u>537.057</u>	<u>942.362</u>
Niðurfærsla í árslok	<u>4.202.464</u>	<u>3.665.407</u>

15. Yfirlit eiginfjárreikninga

	Stofnfé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2022.....	1.600.000	77.429.593	79.029.593
Hagnaður ársins.....	<u>0</u>	<u>5.672.969</u>	<u>5.672.969</u>
Eigið fé 31.12.2022.....	1.600.000	83.102.562	84.702.562
Hagnaður ársins.....	<u>0</u>	<u>25.050.313</u>	<u>25.050.313</u>
Eigið fé 31.12.2023.....	<u>1.600.000</u>	<u>108.152.875</u>	<u>109.752.875</u>

16. Tengdir aðilar

Aðal- og varamenn í stjórn stofnunarinnar auk æðstu stjórnenda eru skilgreindir sem tengdir aðilar stofnunarinnar. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.